



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um nýjar reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að reglum um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar með áorðnum breytingum. Ekki er gert ráð fyrir því að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans í velferðarráði fagna þessum tillögum að breyttum reglum enda þeim ætlað að einfalda ferlið fyrir notendur og auka gagnsæi.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í umsögn aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks var tekið jákvætt í breytingarnar og þær taldar vera til góðs enda yrðu reglurnar skýrari og umsóknarferlið einfaldara. Flokkur fólksins tekur undir gagnrýni eða ábendingu sem fram kom á fundi öldungaráðs þann 12. apríl 2023 um að tvívegis þurfi að skila inn tilteknum gögnum, annars vegar þegar sótt er um P-kort hjá sýslumanni og svo aftur þegar sótt er um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun. Best væri fyrir alla hagaðila að upplýsingakerfi borgarinnar og gögnin sem búið er að skila inn til sýslumanns myndu tala saman. Þetta myndi skapa umtalsverða hagræðingu fyrir alla aðila. Flokkur fólksins fagnar því að gert sé ráð fyrir samráði við aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar. Það vekur von um að ráðið verði í það embætti fljótlega.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglnanna í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um nýjar reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjölum, lögð fram á fundi velferðarráðs 7. júní 2023.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að reglum um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar með áorðnum breytingum. Ekki er gert ráð fyrir því að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð:

Gildandi reglur um úthlutun bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar voru samþykktar á fundi félagsmálaráðs þann 6. nóvember 2002 og hafa ekki tekið neinum breytingum síðan. Reglurnar eru því komnar til ára sinna og bæta þarf við ýmsum ákvæðum, t.d. í tengslum við málsmeðferð og persónuvernd.

Drög að nýjum reglum um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar voru unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið og voru þau lögð til kynningar fyrir velferðarráð þann 1. mars 2023. Velferðarráð samþykkti að gera svohljóðandi breytingar:

Við 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi málslíður: Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd.

Niðurlagsákvæði 2. mgr. 3. gr. orðast svo: Ekki er úthlutað fleiri en einu sérmerktu bílastæði fyrir hreyfihamlaða fyrir hvern einstakling.

Þá vísaði velferðarráð reglunum til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks.

Í umsögn aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks var tekið jákvætt í breytingarnar og þær taldar vera til góðs enda yrðu reglurnar skýrari og umsóknarferlið einfaldara. Nefndin taldi mikilvægt að umsækjendur yrðu upplýstir á auðlesnu máli um ástæðu synjunar og þeir fengju leiðsögn um hvernig megi sækja um á ný. Þá taldi nefndin að aðgengisfulltrúi Reykjavíkurborgar ætti einnig að vera álitsgjafi auk Bílastæðasjóðs og umhverfis- og skipulagssviðs, sbr. 5. gr. reglnanna.

Með vísan til þessa eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 5. gr. reglnanna á þann veg að aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar verði bætt við sem álitsgjafa og orðalag greinarinnar verði:

Uppfylli umsækjandi öll skilyrði 3. gr. kannar umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar vettvang, leitar álits Bílastæðasjóðs ef um gjaldskytt bílastæði er að ræða og gerir tillögu til umhverfis- og skipulagsráðs um afmörkun bílastæðis. Ef ekki fæst samþykki umhverfis- og skipulagsráðs er heimilt að synja veitingu sérmerks



bílastæðis samkvæmt reglum þessum. **Einnig skal leitað álitis aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar.**

Reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar voru einnig settar inn í samráðsgátt Reykjavíkurborgar þar sem veitt var færi á því að koma með ábendingar og athugasemdir varðandi reglurnar.

Á fundi öldungaráðs þann 12. apríl 2023 var samþykkt umsögn um reglurnar. Í umsögninni kemur fram ábending um það að tvívegis þurfi að skila inn tilteknum gögnum, annars vegar þegar sótt er um P-kort hjá sýslumanni og svo aftur þegar sótt er um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun. Öldungaráð vísar til þess að best væri fyrir alla ef tenging væri á milli upplýsingakerfis borgarinnar og gagnanna sem skilað er til sýslumanns þar sem töluvert hagræði myndi hljóttast af því. Fyrir liggur að nauðsynlegt er að rýna sérstaklega hvort fært sé að fara þá leið sem lögð er til í umsögn öldungaráðs. Brýnt er í því samhengi að skoða hvort miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar sé heimilt í slíkum tilfellum, hvort lagagrundvöllur sé til staðar fyrir slíkri miðlun og einnig hvort þær upplýsingar sem tilgreindar eru í vottorði vegna P-korts séu þær sömu og fram þurfa að koma í vottorði þegar sótt er um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun. Framangreind sjónarmið öldungaráðs þurfa því frekari skoðunar við og því er ekki unnt að svo stöddu að verða við þeim. Velferðarsvið mun hins vegar vinna áfram með athugasemdir Öldrunaráðs í tengslum við stafræna vegferð sviðsins.

Fylgiskjöl:

Drög að reglum um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, dags. 31. mars 2023

Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar, dags. 12. apríl 2023

Reglur Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar

I. kafli Meðferð umsókna

1. gr. Markmið

Markmið með veitingu sérmerktra bílastæða fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar er að auðvelda hreyfihömluðu fólki aðgang að heimili sínu.

2. gr. Umsókn

Sótt er um sérmerkt bílastæði rafrænt á vef Reykjavíkurborgar og fær umsækjandi í kjölfar þess rafræna staðfestingu þess efnis að umsókn hafi verið móttækin. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd.

Umsókn er yfirfarin, m.a. með tilliti til þess hvort öll fylgiskjöl séu meðfylgjandi og hvort upplýsingar í þeim séu fullnægjandi. Umsækjanda skal tilkynnt um ef gögn vantar eða þau eru ófullnægjandi og honum veittur kostur á að bæta úr.

Bæti umsækjandi ekki úr skorti eða annmörkum á fylgiskjöllum og skilar þeim innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

3. gr. Skilyrði

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá úthlutað sérmerktu bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
- Bílastæðið sem sótt er um skal vera á landi í eigu Reykjavíkurborgar.
- Umsækjandi skal búa við langvarandi hreyfihömlun sem veldur því að hann getur ekki notað almennt bílastæði við heimili sitt.
- Umsækjandi skal vera handhafi P-merkis, stæðiskorts fyrir hreyfihamlað fólk.

Sérmerktu bílastæði skal aðeins úthlutað við lögheimili umsækjanda. Sérmerktu bílastæði er ekki úthlutað ef íbúð fylgir réttur til notkunar á bílastæði innan lóðar. Ekki er úthlutað fleiri en einu sérmerktu bílastæði fyrir hreyfihamlaða fyrir hvern einstakling.

4. gr.

Fylgiskjöl

Umsækjandi skal skila inn eftirfarandi fylgiskjölum með umsókn sinni:

- a) Staðfestingu á að viðkomandi hafi fengið P-merki, stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, útgefið af sýslumanni.
- b) Læknisvottorði þar sem fram koma upplýsingar um hreyfigetu viðkomandi. Að lágmarki skulu koma fram upplýsingar um þá vegalengd sem umsækjandi getur gengið án hvíldar, hvort viðkomandi búi við langvarandi hreyfihömlun og hvaða hjálpartæki viðkomandi notar.

Heimilt er að óska eftir frekari gögnum, s.s. eignaskiptasamningi.

5. gr.

Mat á umsókn

Þegar umsókn og fullnægjandi fylgiskjöl eru móttekin er umsókn metin m.t.t. þess hvort öll skilyrði 3. gr. reglna þessara eru uppfyllt. Við mat á b. lið 3. gr. reglnanna er heimilt að kalla eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Við faglegt mat á því hvort skilyrði c. liðar 3. gr. eru uppfyllt er heimilt að taka umsókn fyrir á fagfundi í viðkomandi miðstöð.

Uppfylli umsækjandi öll skilyrði 3. gr. kannar umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar vettvang, leitar álits Bílastæðasjóðs ef um gjaldskyld bílastæði er að ræða og gerir tillögu til umhverfis- og skipulagsráðs um afmörkun bílastæðis. Ef ekki fæst samþykki umhverfis- og skipulagsráðs er heimilt að synja veitingu sérmerks bílastæðis samkvæmt reglum þessum. **Einnig skal leitað álits aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar.**

6. gr.

Samningur um sérmerkt bílastæði

Sé umsókn samþykkt gerir starfsfólk velferðarsviðs samning við umsækjanda með ákvæði um tilkynningarskyldu um breyttar aðstæður, t.d. ef viðkomandi flytur eða hefur ekki þörf fyrir bílastæðið lengur. Gildistími samnings getur ekki verið lengri en 5 ár.

7. gr.

Uppsetning vegna sérmerktra bílastæða

Reykjavíkurborg lætur útbúa skilti vegna sérmerks bílastæðis og setur það upp. Umsækjandi greiðir kostnað af skiltagerðinni.

Sérmerkt bílastæði er merkt ákveðinni bifreið, þ.e. merkt skráningarmerki bifreiðar.

Ef gera þarf breytingar við götur eða bílastæði á landi í eigu Reykjavíkurborgar vegna úthlutunar er það gert á kostnað Reykjavíkurborgar.

II. kafli.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Könnun á máli

Kanna skal mál umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk berst.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

9. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

10. gr.

Endurskoðun

Rétt til sérmerkts bílastæðis fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda hafi áhrif á rétt hans.

11. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

12. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsfólki er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

13. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

14. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

15. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

17. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þann **1. september 2023**. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um úthlutun bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru á fundi félagsmálaráðs þann 6. nóvember 2002.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu á meðan gildir samningar eru til staðar.



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Aðgengis- og samráðsnefnd

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um reglur velferðarsviðs um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks fagnar því að reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk skuli vera uppfærðar og telur að breytingarnar séu til hins góða, enda verði reglurnar skýrari og umsóknarferlið einfaldara.

Aðgengis- og samráðsnefnd telur mikilvægt að umsækjendur séu upplýstir á auðlesnu máli um ástæður synjunar og fái leiðsögn um hvernig megi sækja um á ný.

Aðgengisfulltrúi Reykjavíkurborgar ætti að vera álitsgjafi auk Bílstæðasjóðs og umhverfis- og skipulagssviðs eins og kemur fram í 5.gr. reglanna.



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarsvið

Sendandi: Öldungaráð

Umsögn um Reglur Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar

Öldungaráð fagnar því að reglur um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun verði uppfærðar, þá er mikilvægt að umsóknir, sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna haldi gildi sínu á meðan gildir samningar eru til staðar.

Hins vegar veltir Öldungaráð fyrir sér í umsóknarferlinu þeirri kröfu um að skila inn bæði P-korti og læknisvottorði aftur en umsækjandi þarf í tvígang að skila inn umræddum gögnum, fyrst þegar hann sækir um P-kortið og svo aftur til að sækja um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun. Best væri fyrir alla hagaðila að upplýsingakerfi borgarinnar og gögnin sem búið er að skila inn til Sýslumanns myndu tala saman.

Með ríkari upplýsingagjöf og samtali milli Reykjavíkurborgar og Ríkisins myndi umtalsverð hagræðing fyrir alla aðila bæði í tíma og fjármunum og léttu á álagi á heilsugæslukerfið við að gefa út vottorð að óþörfu.